



## Mikilvægi „sumarlesturs“

Þegar við leiðum hugann að sumrinu láta flestir sig dreyma um ferðalög til fjarlæggra landa, sól og sand, sumarbústaðinn, gómsætan grillmat og fullkomna afslöppun. En hvernig væri að flétta LESTUR inn í sumarfríð?

Mjög mikilvægt er að börn viðhaldi lestrarfærninni á sumrin, því lestur er eins og öll önnur lærdæfni, það þarf að halda áfram að æfa sig. Kannanir sýna að börnum fer aftur í leshraða yfir sumarmánuðina og það getur tekið þau 1 – 3 mánuði að ná fyrri færni. Því er mikilvægt að **ÖLL** börn haldi áfram að lesa og/eða hlusta á bækur á sumrin.

Sumarlestur viðheldur lestrarfærninni, þjálfar lesfimi og barnið bætir í orðakistu sína. Það er einnig mikilvægt að foreldrar lesa fyrir börn sín á sumrin og í framhaldinu ræði um efni textans. Með því auka þeir orðaforða og málfærni barnsins, efla lesskilning og stuðla að áhuga barnsins fyrir lestri, auk þess að eiga notalega stund með barninu.

Foreldrar þurfa líka að vera góðar **fyrirmyndir** og gefa sér tíma til að hlusta á barnið lesa, lesa fyrir barnið, með barninu og ekki síst, **lesa sjálfir**. Ef við viljum ala börnin okkar upp til að verða góðir „lesendur“, verða þau líka að sjá okkur verja tíma við lestur!

### LESUM ÞVÍ SAMAN Í SUMAR!

#### Nokkur ráð til foreldra til að efla sumarlestur

**Lesið sjálf/ir.** Látið barnið sjá að þið verjið sumarfríinu til lesturs, t.d. á ströndinni, í bústaðnum, á meðan þið grillið og á meðan þið lesið leiðbeiningar með nýju sláttuvélinni. Með því sýnið þið barninu að lestur er bæði skemmtilegur og nýtilegur.

**Lesturstund.** Setjið fasta lestrarstund inn í „stundaskrána“, hann getur verið á morgnana, síðdegis eða áður en farið er í háttinn. Munið samt að lestrarstundin getur verið sveigjanleg ef upp koma aðstæður sem henta ekki til lesturs s.s. brúðkaup, afmæli, heimsóknir eða annað.

**Lestu upphátt.** Þó að börn séu orðin vel „læs“ er mikilvægt að halda áfram að lesa fyrir þau. Barnið verður betri „lesandi“ þegar foreldri les upphátt fyrir það og stoppar annað slagíð og spyr út úr efni textans. Mikilvægt er að lesa „flóknari bækur“ en barnið les sjálf, með því lærir barnið nýjan orðaforða, og hugtök og öðlast nýja reynslu. Tengjið efni bókarinnar við bakgrunnsþekkingu barnsins. Ef þið ætlið t.d. að lesa nýju bókina hans Ævars Þórs Benediktssonar, „Risaeðlur í Reykjavík“, spyrjið barnið um hvað það veit um risaeðlur, hvað veit það um Reykjavík og fáið það til að tengja bókina og sína vitneskju saman. Munið samt að samveran með barninu er ekki síður mikilvæg og á að vera notaleg.

**Tengið lesturinn við sumarfríð.** Tengjið val á bókum/texta við sumarfríð. Ef fjölskyldan ætlar t.d. að eyða sumarfríinu í Noregi er upplagt að lesa fræðslubækur um Noreg eða fara á netið og finna upplýsingar um land og þjóð, áður en haldið er af stað. Oft má finna sögubækur sem tengjast landinu, bókina „Hetjur“ eftir Kristínu Steinsdóttur fjallar t.d. um strák sem flyst til Þrándheims. Ef stefnan er tekin á Vestmannaeyjar er bókina „Víti í Vestmannaeyjum“ eftir Gunnar Helgason upplögð lesning áður en haldið er í Herjólf. Á meðan þú lest og ræðir um efni textans lærir barnið nýjan orðaforða og kynnist því sem koma skal.

**Leyfðu barninu að velja lestrarefni.** Það er jafn nauðsynlegt að hvetja barnið til að lesa það sem því er ætlað í skólanum og það er nauðsynlegt að leyfa því að velja lestrarefni á sumrin. Hvetjið það og hjálpið því að finna áhugaverðar bækur um dreka, drauga, drottningar, praktara og alskyns fræðslubækur, allt eftir áhuga barnsins.

**Gætið að „þyngd“ texta.** Hlustið á barnið lesa, ef það les lipurt og létt, notar réttar áherslur og getur sagt frá efni textans er bókin í réttri þyngd. Ef barnið á í erfiðleikum með þessa þætti hjálpið barninu við að finna bók sem hæfir lestrargetu þess. Hafið í huga eftirfarandi „**pumalputtareglu**“. Ef barnið les fimm eða fleiri orð röng á blaðsíðu með ca 50 orðum, þá er bókin of erfið og það þarf að finna léttari bók.

**Lestur er ekki bara að lesa bækur.** Hvertu barnið til að lesa **ALLT** sem það hefur áhuga á. Íþróttafréttirnar, aflbrögð, tímarit, blöð, allskonar bækur, lesa á netinu s.s. fréttir, veður, samgönguáætlanir o.fl. o.fl..

**Lestu bók og horfðu á mynd.** Á íslenskum rigningardögum getur verið gaman að horfa á myndina, sem gerð var eftir bókinni, sem þið eruð nýbúin að lesa, t.d. „Konungur ljónanna“.

**Takið bækurnar með.** Takið bækurnar með i sumarfríð, hafið þær nálægar í bílnum, í flugvélinni, í lautarferðinni, í sumarbústaðnum.

**Skrifið.** Hvetjið barnið til að skrifa í sumarfríinu. Skrifið á póstkort í sumarfríinu og segið frá ferðalaginu. Leyfið barninu að taka myndir (mörg börn eiga síma, sem hægt er að taka myndir á) í sumarfríinu og hvetjið það til að skrifa og segja frá myndinni/sumarfríinu.

**Kaupið lesefni í sumarfríinu.** Margir fullorðnir kaupa sér bók áður en haldið er í langferð, bókin er þá jafnan lesin í flugvélinni, á ströndinni eða í sumarbústaðnum. Leyfið barninu að velja sér bók sem það getur lesið á sama hátt og hinn fullorðni.

**Hlustið á bækur.** Fyrir börn sem eiga erfitt með að lesa er heillaráð að hlusta á bækur. Foreldrar ræða síðan um efni bókarinnar/sögunnar, barnið eykur orðaforða sinn og öðlast nýja reynslu og vitneskju, alveg eins og þegar lesið er fyrir það eða barnið les sjálf. Hægt er að finna barnabækur á rafrænu formi: [www.emma.is](http://www.emma.is), [www.lestu.is](http://www.lestu.is), [www.hlusta.is](http://www.hlusta.is), [www.hljodbok.is](http://www.hljodbok.is).

**Bækur eru ævintýri.** Ef barninu langar til að gera eitthvað í sumarfríinu, sem foreldrar geta ekki uppfyllt, s.s. að heimsækja fjarlægjar slóðir, fara til tunglsins, klífa Mount Everest, eða kafa í kóralrifum er LESTUR BESTUR til að uppfylla þessar óskir. Farðu með barninu á bókasafnið og hjálpaðu því að finna bækur með þessu efni eða finnið saman upplýsingar á netinu, lesið saman og látið ímyndunaraflið taka völdin og njótið.

## GÓÐA SKEMMTUN

Unnið af Björgu Þorvaldsdóttur, kennsluráðgjafa Skólaskrifstofu Austurlands í júlí 2015. Heimildir og unnið upp úr: <http://www.pbs.org/parents/education/reading-language/reading-tips/summer-reading-tips/>, og <http://www.olis.state.ri.us/services/srp/tenreasons.pdf>